

104. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um leyfi fyrir prest til að fara með lækningar.

1871.

5. desbr.

Með álitsskjali amtsins hefir hingað borizt bænarskrá, þar sem prófastur sèra Sigurður Gunnarsson á Hallormstað sækir um leyfi til að fara með lækningar, þeim til hjálpar, sem búa í nágrenni við hann, er þeir leita til hans og geta ekki í tækan tíma fengið hjálp hjá héraðslækninum, og hefir hann, til þess að styðja þetta mál sitt, skírskotað til, að hann á fyrri árum sínum sem stúdent hafi verið hjá héraðslækninum, sem þá var, Gísli Hjálmarssyni, og verið honum til aðstoðar, og síðan, er hann hafi fengið brauð þar sem langt var til læknis, hafi hann með reynslu þeirri, sem hann hafði aflað sèr, veitt landsmönnum ráð og hjálp í veikindum.

Eptir að vèr höfum skrifazt á útaf þessu við hið konunglega heilbrigðisráð og leitað álits landlæknisins á Íslandi, gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þèr birtíð það, að dómsmálastjórnin mun ekki hafa neitt á móti því, að Sigurður prófastur Gunnarsson haldi áfram lækningum sínum, með því skilyrði, að hann á ári hverju sendi skýrslu til landlæknisins um sjúklinga þá, sem hann hefir haft til lækninga.

105. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar, um sending herskips til Íslands frá Englandi.

13. desbr.

Með bræfi 27. f. m. hefir utanríkisstjórnin sent hingað bréf frá hinum konunglega sendiherra í Lundúnum, herforingja *Bülow*, sem utanríkisstjórnin samkvæmt bræfi dómsmálastjórnarinnar 3. f. m. hafði lagt fyrir, að leiða athygli ensku stjórnarinnar að því, að æskilegt væri, að England hefði nokkra tilsjón með enskum fiskimönnum við strendur Íslands. Þetta bréf sendiherrans